

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um fjölda sjúkrarýma á Landspítala.

Rétt er að vekja athygli á því að í fyrirsögn fyrirspurnarinnar er vísað til alls Landspítala en 1., 3. og 5. liður lúta eingöngu að Landspítala við Hringbraut. Svörin við þeim miðast því eingöngu við húsnæði Landspítalans við Hringbraut.

*1. Hve mörg sjúkrarými eru á Landspítalanum við Hringbraut?*

Það eru 253 sólarhringssjúkrarými við Hringbraut. Einnig eru þar nokkrar dag- og göngu-deildir. Sjá nánar í svari við 3. lið.

*2. Hve margir hafa dvalið í sjúkrarýmum á Landspítalanum á síðastliðnum tveimur árum vegna þess að ekki er hægt að útskrifa þá sökum plássleysis á öðrum stofnunum og hversu lengi hafa þeir þurft að dvelja þar af þeim sökum?*

Árið 2019 biðu alls 210 einstaklingar á legudeildum spítalans í að meðaltali 96 daga (miðgildi 67 dagar) hver eftir útskriftarúrræði. Svipaður fjöldi beið á Vífilsstöðum, en þar var meðalbiðtíminn 153 dagar (miðgildi 138 dagar). Auk þess fóru 82 einstaklingar í biðrymi á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi eftir að hafa legið að meðaltali í 44 daga (miðgildi 35 dagar) á Landspítala.

Það sem af er árs 2020 (miðað við 23. okt. 2020) hafa alls 226 beið á legudeildum spítalans í að meðaltali 86 daga (miðgildi 62 dagar) hver. Á Vífilsstöðum hafa 239 einstaklingar beið eftir hjúkrunarrými, en þar var meðalbiðtíminn 132 dagar (miðgildi 117 dagar). Auk þess hafa 36 einstaklingar flust í biðrymi á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi eftir að hafa legið að meðaltali í 57 daga (miðgildi 52 dagar) á Landspítala. Sjá eftirfarandi töflu:

Yfirlit yfir biðsjúklinga á Landspítala		
	2019 1.jan-31.des	2020 1. jan- 23.okt
Fjöldi sjúklinga í bið á legudeildum spítalans	210	226
Meðaltalsfjöldi daga í bið á Lsp	96	86
Miðgildi legudaga í bið á Lsp	67	62
Fjöldi sjúklinga í bið á Vífilsstöðum	210	239
Meðaltalsfjöldi daga í bið á Lsp	153	132
Miðgildi legudaga í bið á Lsp	138	117
Fjöldi sem fluttist á HVE	36	36
Meðaltalsfjöldi daga í bið á Lsp	44	57
Miðgildi legudaga í bið á Lsp	35	52

3. Eru til mismunandi tegundir sjúkrarýma á Landspítalanum við Hringbraut? Ef svo er, hvaða tegundir sjúkrarýma eru í notkun og hve mörg eru í notkun af hverri tegund?

Í eftirfarandi töflu má sjá að á Landspítala við Hringbraut eru sjúkrarými skurðlækninga alls 32, gjörgæslu alls 7, krabbameinsþjónustu alls 28, lyflækninga alls 49, kvenna- og barnþjónustu alls 79 og geðþjónustu alls 58 eða samtals 253.

Rúmafjöldi við Hringbraut	Fjöldi opinna rúma/ sept.2020
<b>Í aðalbyggingu, kvennadeildarbyggingu og Barnspítala:</b>	
Hjarta-, lungna- og augnskurðeild (12G)	14
Kvíðarhols- og þvagfæraskurðeild (13E/G)	18
Gjörgæsludeild Hringbraut	7
Blóð- og krabbameinslækningadeild (11EG)	28
Hjartadeild (14 E/G)	34
Meltingar- og nýmadeild (12E)	15
Barnadeild	21
Vökudeild	14
Fæðingarvakt <sup>3)</sup>	9
Kvenlækningadeild	13
Meðgöngu- og sængurlegudeild	22
<b>Alls:</b>	<b>195</b>
<b>Í geðdeildarbyggingu:</b>	
Afeitrunardeild ólögráða ungmenna	2
Bráðageðdeild (32C)	10
Móttökugeðdeild fíknigeðmeðferðar (32A)	15
Móttökugeðdeild (33A)	31
<b>Alls:</b>	<b>58</b>
<b>Alls rúm á Landspítala við Hringbraut</b>	
	<b>253</b>
<b>Rúmafjöldi á spítalanum í heild</b>	
	<b>638</b>

4. Hvað er áætlað að rekstur sjúkrarýmis kosti á dag?

Rekstraráætlun spítalans er ekki greind/sundurliðuð eftir einstökum rýmum og því liggur ekki fyrir hver rekstur eins rýmis er á ársgrunni og ekki víst að slík tala mundi gefa rétta mynd. Hér er gefinn upp meðalkostnaður við eina sólarhringslegu á bráðalegudeild Landspítala (legudeildum lyf- og skurðlækninga og móttökudeildum geðþjónustu við Hringbraut) byggt á gögnum frá 2020 úr kostnaðarkerfi spítalans þar sem reynt er að nálgast heildarkostnað þjónustu í hverri legu. Tölur eru því háðar rekstri og þeirri starfsemi eins og hún hefur verið það sem af er árinu 2020:

**Meðalkostnaður við sólarhringslegu 2020**

Bráðalegudeildir lyflækninga (án A2)	141.000 kr.
Bráðalyflækningadeild A2	194.000 kr.
Bráðalegudeildir skurðlækninga	166.000 kr.
Bráðaöldrunarlækningadeild	90.000 kr.
Móttökudeildir geðþjónustu	110.000 kr.

Innifalið í uppgefnum kostnaðartölum er kostnaður hjúkrunarþjónustu á viðkomandi legudeildum, kostnaður lækniþjónustu við inniliggjandi sjúklinga á þeim deildum, annar rekstrarkostnaður legudeilda (hjúkrunarvörur og lyf) og fæðiskostnaður sjúklinga. Undanskilinn er sameiginlegur kostnaður á sviði og kostnaður stoðþjónustu sem og allur meðferðarkostnaður annar en lyfjakostnaður, svo sem kostnaður skurðaðgerða, rannsókna, viðtalsmeðferða o.fl. Ef bera á þessa tölu saman við rekstur rýma á öðrum stofnunum þarf að gæta að því að um sömu/svipaða kostnaðarliði sé að ræða.

*5. Hve mörg verða sjúkrarými á nýjum Landspítala við Hringbraut?*

Eins og staðan er í dag er gert ráð fyrir 210 legurýmum í nýja meðferðarkjarnanum auk 23 gjörgæslurýma. Það eru alls 243 sjúkrarými. Auk þess verða áfram opin sjúkrarými við Hringbraut í eldri byggingum spítalans, svo sem í geðdeildarhúsi, kvennadeildarbyggingu, Barnaspítala og í núverandi aðalbyggingu.

*6. Hvernig munu sjúkrarými á nýjum Landspítala skiptast í tegundir og hver verður fjöldi hvernar tegundar?*

Í nýja meðferðarkjarnanum verða legurými/sjúkrarými bæði fyrir bráðveika og fyrir skipulagða meðferð/skurðaðgerðir, gjörgæslurými auk bráðamóttöku. Nú stendur yfir endurskoðun á því hvernig legurými/sjúkrarými skiptast milli sérgreina/þjónustuflokka. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir í dag og gæti fjöldi og tegund sjúkrarýma því breyst.